

Markaðspunktur í dag:

- Talsverð verðbólga í febrúar

Talsverð verðbólga í febrúar

Verðlag hækkaði um 1,18% í febrúar sem er yfir væntingum greiningaraðila en spár lágu á bilinu 0,8-1%. Greiningardeild gerði ráð fyrir 0,8% verðbólgu í febrúar. Tólf mánaða verðbólga mælist nú 1,9% samanborið við 1,8% í janúar. Frávik frá okkar spá má fyrst og fremst rekja til hækkunar húsnæðisliðar sem og ýmsum þjónustuverðshækkunum sem Greiningardeild gerði ekki ráð fyrir.

Bráðabirgðaspá: Hrávörur og árstíðabundnir þættir smitast áfram út í verðlagið

Gangi bráðabirgðaspá okkar eftir er ljóst að talsverð verðbólga er framundan – sem einkum má rekja til hækkandi hrávöruverðs úti í heimi sem og áhrifa vegna útsöluloka. Meginóvissuþáttur í skammtímaspá okkar snýr að hrávöruverði en ekki er hægt að útiloka að verulegar hækkanir hér heima séu framundan vegna þeirra. Ekki þarf að fjölyrða um áhrifin ef verðhækkanirnar halda áfram ytra.


Mars: +0,80%. Útsölur halda áfram að ganga tilbaka. Gerum ráð fyrir að eldsneyti muni skila a.m.k. +0,2% verðbólgu í mars (afgangurinn af hækkunum erlendis koma fram í apríl, sjá umfjöllun neðar). Húsnæðisliðurinn mun einnig áfram hafa áhrif til hækkunar.

Apríl: +0,55%. Mæling á húsnæðisliðnum núna í febrúar hefur enn áhrif í apríl og gerum við því ráð fyrir lítils háttar hækkun hér. Apríl er páskamánuður og því líklegt að flugfargjöld hækki í þessum mánuði. Við gerum ráð fyrir að eldsneyti hækki enn frekar í apríl.

Maí: +0,20%. Af því gefnu að olíuverðshækkanir hafi hér numið staðar þá gerum við ekki ráð fyrir miklum verðáhrifum vegna þessa í maí.

Gangi bráðabirgðaspá okkar eftir mun **ársverðbólga mælast 2,2% í mars.**


Verðbólga og bráðabirgðaspá Greiningardeildar (%)



Bensín á uppleið.

Heimsmarkaðsverð á bensíni hefur **hækkað um 7%** frá síðustu verðmælingu Hagstofunnar þann 11. febrúar síðastliðinn. Hins vegar hefur á sama tíma eldsneytisverð hér heima einungis hækkað um 2,2% (og krónan verið stöðug) - það er því ekki hægt að útiloka **að 5% viðbótarhækkun á eldsneyti sé framundan** (sem þýðir +0,4% verðbólga). Þessi hækkun gæti þó dreift sér yfir tvo verðmælingarmánuði, þar sem máli skiptir hversu lengi tekur að ganga á gamla birgðir.

Heimsmarkaðsverð á bensíni (í krónum) og eldsneytisverð innanlands = 100 kr. janúar 2006



Helstu þættir í febrúarbólgunni


Flestir liðir í vísitölu neysluverðs hækkuðu í febrúar.

- **Sterk útsöluáhrif.** Í takti við væntingar mældust áhrif vegna útsöluloka til hækkunar. Verð á fatnaði, skóm og húsgögnum höfðu áhrif til hækkunar um 0,49%. Áhrifin hafa ekki að öllu leyti

komið fram og gerum við ráð fyrir að restin komi fram í mars (+0,4% til hækkunar).

- **Húsnæðisliðurinn hækkar.** Að þessu sinni *hækkaði* húsnæðisliðurinn (reiknuð leiga) og voru áhrifin 0,2% til hækkunar á VNV. Samskonar *lækkun* mældist í janúar. Hækkunin nú er klárlega vísbending um að húsnæðisverð í febrúar sé að taka kipp upp á við, en skv. nýjustu mælingu FMR mældist 0,8% hækkun í janúar frá fyrri mánuði (þau áhrif koma inn núna + áhrif vegna þinglýstra kaupsamninga fyrstu tvær vikurnar í febrúar). Sú mánaðarhækkun sem nú mælist mun hafa áhrif næstu tvo mánuði, þ.e. í mars og apríl. Að öðru óbreyttu gerum við ráð fyrir að húsnæðisliðurinn muni áfram hækka verðbólguna í mars og apríl.
- **Flugfargjöld hækka.** Zikk-zakk kóngur vísitölunnar er samur við sig og hækkar að þessu sinni verðlag um 0,11%. Almennt má lesa út úr þessu ákveðið mynstur, í fyrra mældist hins vegar hækkun á flugfargjöldum – en það má líklega rekja til þess að páskarnir voru fyrr á ferðinni þá. Ekki er því hægt að útiloka að hækkunin nú gangi til baka í næsta mánuði – hins vegar munu eldsneytisverðshækkningar úti í heimi væntanlega dempa þau áhrif.
- **Hrávöruverðshækkningar að skila sér.** Líkt og við var að búast voru hækkandi hrávörur úti í heimi að smitast yfir í mat og eldsneyti hér heima. Matvörur hækkuðu þannig verðlagið um 0,13% og eldsneyti um 0,10% (en hluti þess má rekja til hækkunar á bensíngjaldi).
- **Ýmis þjónusta hækkar.** Þjónustuliðir eins og símaþjónusta, tómstundir og menning hækkuðu VNV um 0,14%.

Helstu áhrifaþættir í febrúar
- áhrif á VNV (%)



Markaðspunktur Greiningardeildar Arion banka

Ásdís Kristjánsdóttir	asdis.kristjansdottir@arionbanki.is	444-6968
Davíð Stefánsson	davidst@arionbanki.is	444-6965
Fannar Jónsson	fannar.jonsson@arionbanki.is	444-6962
Hallgrímur Björnsson	hallgrimur.bjornsson@arionbanki.is	444-6818
Þorbjörn Atli Sveinsson	thorbjorn.sveinsson@arionbanki.is	444-6973

Ábyrgðarmaður: Ásdís Kristjánsdóttir

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum sem Greiningardeild Arion banka hefur undir höndum þegar markaðspunktur eru ritaðir. Helstu heimildir eru ársskýrslur, afkomufundir og hluthafafundir auk annarra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskygni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt. Skoðanir og spár geta breyst án fyrirvara. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Arion banki, eða starfsmenn Arion banka ekki tekið ábyrgð á villum. Vinsamlegast hafið samband við markaðsviðskipti Arion banka eða ráðgjafa áður en gengið er frá viðskiptum sem byggja á þessum markaðspunktum. Arion banki hf. og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að gengi einstakra bréfa sem félagið mælir með kaupum á kunni að lækka og öfugt.

Arion banki, starfsmenn Arion banka, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Arion banka kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Greiningardeildar Arion banka lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar í einstaka félögum, umsjónaraðilar útboða, viðskiptavaki útgefenda eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri fjárfestingabankþjónustu.

Athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir tengdar markaðspunktum sendist á netfangið greiningardeild@arionbanki.is
